



Skýrsla starfshóps um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar skipaði þann 8. nóvember 2019 starfshóp um skoðun á fyrirkomulagi NPA, tímagjaldi, samræmdum reglum, hvernig úthlutun er háttað og eftirfylgni.

Verklýsing starfshóps samkvæmt erindisbréfi var svohljóðandi:

Hópurinn skal gera drög að reglum um NPA í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og í samræmi við reglugerð nr. 1250/2018 um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.

Hópurinn skal koma með tillögu að tímagjaldi vegna NPA þjónustu sem skal endurspegla heildarkostnað við hverja klukkustund að meðaltali. Leitast skal við að samræma jafnaðartaxtann því sem gerist í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

Hópurinn skal fara yfir verlag við úthlutun NPA þjónustu og hvernig staðið er að þjónustunni..

Starfshópsins miðar að því að styðja við NPA þjónustu við fatlað fólk og festa þjónustuna í sessi á innleiðingartímabilinu sem er til ársins 2022.

Starfshópurinn var skipaður fimm fulltrúum sem skipaðir voru af Fjölskylduráði:

Helga Ingólfssdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks, formaður.

Valdimar Víðisson, fulltrúi Framsóknar og óháðra

Margrét Vala Marteinsdóttir, fulltrúi Framsóknar og óháðra

Árni Rúnar Þorvaldsson, fulltrúi Samfylkingar

Arnhildur Ásdís Kolbeins, fulltrúi Miðflokksins

Með starfshópnum starfa enn fremur

Elín Ýr Arnar Hafsteinsdóttir, fulltrúi Ráðgjafarráðs í málefnum fatlaðs fólks

Rannveig Einarsdóttir, Sviðstjóri Fjölskyldu- og barnamálasviðs

Sjöfn Guðmundsdóttir, Deildarstjóri stuðnings og stoðþjónustu Fjölskyldu- og barnamálasviðs.

Starfshópurinn fundaði alls 9 sinnum og skilaði af sér skýrslu til Fjölskylduráðsþann 22. maí 2020

Helstu verkefni starfshóps eins og nánar eru útlustuð í fyrirbyggjandi fundargerðum voru:

Fyrirkomulag NPA:

Starfshópurinn fór yfir fyrirkomulagið við NPA þjónustuformið í Hafnarfirði sem hefur verið veitt samkvæmt gildandi reglum frá því lög voru sett um þetta þjónustuform árið 2012. Yfirferðin tók til umfangs samninga, fjölda, aldursdreifingar og fleira. Einnig var farið yfir þátt umsýsluaðila og hve margir útvista því verkefni, fyrirkomulag SIS greiðslna og samanburður á mismunandi tímagjaldi á milli sveitarfélaga. Þann 1. janúar 2020 voru alls 17 samningar vegna NPA í gildi milli notenda og Hafnarfjarðarbæjar og af þeim voru 6 samningar vegna barna.

Tímagjald:

Starfshópurinn yfirfór forsendur tímagjalds en Hafnarfjarðarbær hefur notað jafnaðargjald fyrir hverja klukkustund í þeim samningum sem gerðir hafa verið en mismunandi er milli sveitarfélaga hvort þessi háttur er hafður á eða hvort mismunandi tímagjald er í samningum miðað við á hvaða tíma sólarhrings þjónustuþörfin er samkvæmt samningi. Við upphaf þess að NPA þjónustusamningar voru gerðir var tímagjald ákveðið kr. 2800 samkvæmt ákvörðun velferðarráðuneytis og það var jafnaðargjald.

Tímagjald NPA samninga hefur hjá Hafnarfjarðarbæ tekið hækkunum frá 2012 sbr. töflu 1

Tímagjald NPA samninga

	Tímagjald	Hækkun m.ára
2012	2.800	
2013	2.800	1,00
2014	2.943	1,05
2015	3.090	1,05
2016	3.399	1,10
2017	3.522	1,04
2018	3.650	1,04
2019	4.117	1,13
2020	4.289	1,04

Tafla 1

Mikilvægt er fyrir samningsaðila NPA að fyrirsjáanleiki varðandi þróun tímagjalds verði aukinn og fylgi þeirri þróun og breytingum sem kunna verða á vinnumarkaði.

Þegar Hafnarfjarðarbær gerir samninga um þjónustu sem gilda eiga yfir lengri tíma er alla jafna tekið mið af þróun verðlags til þess að tryggja fjárhagsforsendur. Starfshópurinn leggur til að sama fyrirkomulag verði tekið upp varðandi samninga um Notenda stýrða persónulega aðstoð(NPA) Starfshópurinn leggur til að Fjárhagssvið Hafnarfjarðarbæjar yfirfari forsendur tímagjalds.

Tekið verður mið af uppgjöri síðustu ára í núgildandi samningum um (NPA) ásamt kjarasamningi Hlífar við endurskoðun tímagjalds jafnframt því að taka tillit til þess að hækkun samkvæmt kjarasamningi er ekki endilega um áramót. Eftir endurskoðun mun tímagjald taka mið af launavísitölu og hækka um áramót.

Þegar um er að ræða sólarhrings samninga telur starfshópurinn eðlilegt að miða við að nota mismunandi tímagjald eftir því á hvaða tíma sólarhrings þjónusta er veitt en að samningar sem eru með færri tíma en 600 á mánuði verði á jafnaðartímagjaldi. Starfshópurinn leggur til að jafnaðargjald og tímagjald verði endurskoðað fyrir 1. september 2020 og muni síðan framvegis taka breytingum til samræmis við launavísitölu.

Samræmdar reglur og úthlutun:

Samkvæmt erindisbréfi var starfshópi falið að skoða kosti þess að reglur verði samræmdar milli sveitarfélaga enda væri í því fólgið ákveðið hagræði fyrir notendur þjónustunnar og aðra haghafa. Eftir yfirferð yfir núverandi reglur Hafnarfjarðarbæjar og reglur nágrannasveitarfélaga var starfshópurinn sammála því að móta nýjar reglur fyrir Hafnarfjarðarbæ með hliðsjón af reglum Reykjavíkurborgar sem samþykktar voru í apríl 2019. Má þannig líta svo á að ákveðið skref hafi verið stigið í átt að samræmingu. Drög að reglum um NPA fyrir Hafnarfjarðarbæ hafa verið send Ráðgjafarráði fatlaðra til umsagnar. Fyrirkomulag vegna úthlutunar er með þeim hætti í dag að Stuðnings- og þjónustudeild innan Fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðarbæjar tekur á mótí umsóknum um NPA samninga og sérstakt úthlutunarteymi sér um að yfirfara umsóknir. Starfshópurinn leggur til að núverandi verklag verði óbreytt.

Eftirfylgni:

Verklagsreglur og eftirfylgni með samningum var tekið fyrir í starfshópnum sem telur mikilvægt að auka samráð við notendur þannig að ávallt sé tryggt að notandi fái þá þjónustu sem skilgreind er í samningnum og enn fremur að umsýsluaðilar skili tilskyldum gögnum og upplýsingum með reglubundnum hætti í samræmi við ákvæði samnings.

Samráð við hagsmunaaðila:

Starfshópurinn óskaði eftir umsögn frá Ráðgjafarráði fatlaðra um drög að nýjum reglum um Notendastýrða persónulega aðstoð(NPA) auk þess sem fulltrúi ráðsins sat í starfshópnum. Ráðgjafarráðið skilaði inn umsögn sem höfð var til hliðsjónar við vinnu starfshóps og verður jafnframt lögð fyrir Fjölskylduráð til upplýsingar. Starfshópurinn þakkar ráðgjafarráðinu fyrir umsögnina.

Niðurstaða:

Starfshópurinn telur að sú reynsla sem skapast hefur hjá Hafnarfjarðarbæ frá því samningar um notendastýrða persónulega aðstoð(NPA) hófust árið 2012 hafi nýst vel við yfirferð á vinnu starfshóps vegna endurskoðunar á reglum Hafnarfjarðarbæjar um (NPA) og fleiri þáttum þjónustunnar. Nú er í gildi innleiðing til ársins 2022 samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem samþykkt voru á Alþingi 9. Maí 2018. Hafnarfjörður hefur verið leiðandi sveitarfélag frá upphafi varðandi innleiðingu á (NPA)þjónustuforminu.

Starfshópurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að áfram verði unnið að því að þróa samningsformið sem notendastýrð persónuleg aðstoð(NPA) felur í sér þannig að þetta fyrirkomulag á veittri þjónustu nýtist sem best þeim hópi fólks með fötlun sem það hentar.